

Forstjóri/framkvæmdastjóri

Kópavogi, nóvember 2025

Kæri viðtakandi,

Mæðrastyrksnefnd Kópavogi hefur starfað óslitið frá 1968 þar til í apríl s.l. en þá urðum við að loka og setja reksturinn á bið vegna ástands húsnæðis nefndarinnar. Ítrekaður leki hafði komið upp sem orsakaði að ekki var boðlegt að starfa í húsnæðinu við þær aðstæður. Kópaogsbær réðst í viðgerðir og tókst að opna starfsemina aftur nú um miðjan október. Vegna lokunarinnar var engin innkoma og allir sjóðir að tæmast.

Nefndin aðstoðar íbúa Kópavogs sem búa við erfðar aðstæður með gjafakortum í matvörumörkuðum. Einnig fer fram úthlutun á fatnaði og ýmsu til heimilisnota. Fyrir jólin hafa fyrirtæki og einstaklingar styrkt starfsemina með matarkortum, peningagjöfum og matargjöfum ásamt ýmsu góðgæti. Allt starf nefndarinnar fer fram í sjálfboðavinnu.

Margir Kópavogsbúar, bæði fjölskyldur og einstaklingar eiga um sárt að binda og ná ekki endum saman. Skilyrði er að umsækendur eigi lögheimili í Kópavogi og skili inn búsetuvottorði og staðgreiðslufirliti ásamt umsókn.

Nú styttest í jólin, þegar þörfin er hvað brýnust. Margir hafa leitað til okkar og spurt hvort við verðum með jólaaðstoð og hvort hún verði með sama sniði og undanfarin ár. Því er til að svara að það ræðst af fjölda umsókna og fjárhagsstöðu nefndarinnar.

Viljum við því með þessu bréfi leita til þíns fyrirtækis. Stuðningur getur verið hvort sem er í formi fjárstyrks eðs gjafakorta til matarkaupa, jafnvel jólagjafa eða annarrar nauðsynjavöru. Hvert framlag er mikils virði og margt smátt gerir eitt stórt. Við verðum með umsóknardaga alla þriðjudaga í nómember og jólaúthlutun fer fram daganna 9. 10. og 11. des.

Við viljum nota tækifærið og þakka þann velvilja sem mörg fyrirtæki og einstaklingar hafa sýnt starfseminni á liðnum árum. Ykkar stuðningur er okkar styrkur.

Sé óskað nánari upplýsinga, þá vinsamlega hafið samband við Mæðrastyrksnefnd Kópavogi sími 867 7251 á virkum dögum milli kl. 10:00 – 16:00 eða sendið tölvupóst: maedroko@simnet.is.

Með fyrirfram þökk og virðingu með von um góðar viðtökur.

Mæðrastyrksnefnd Kópavogi

Framlög er hægt að leggja inn á reikning Mæðrastyrksnefndar Kópavogs
Banki nr. 536-05-403774 kt. 500197-2349